

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, sæti varðhaldi í 30 daga. Fullnustu refsingarinnar skal fresta og fellur hún niður að liðnum 2 árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlauð til skipaðs verjanda síns, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Fimmtudaginn 17. nóvember 1988.

Nr. 201/1987. **Hildur Halldóra Karlsdóttir**

(Ingvar Björnsson hdl.)

gegn

Ernu Kristínu Siggeirsdóttur

(Gardar Gardarsson hrl.)

Lausafjárkaup. Gallar. Útivist stefndu í héraði. Áfrýjunarfrestur. Kröfu um, að fjárnámsgerð verði felld úr gildi, vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. júní 1987 og gerir þessar dómkröfur: „1. *Aðallega*, að kröfur hans í héraði verði teknar til greina. 2. *Til vara*, að hann verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnda í héraði. 3. *Til þrautavara*, að kröfufjárhæðir stefnda í héraði verði lækkaðar verulega. 4. Að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi. 5. Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti að mati réttarins.“

Þá hefur áfrýjandi með stefnu 29. september 1987 skotið til Hæstaréttar fjárnámsgerð sem fram fór í fógetarétti Reykjavíkur 22. maí 1987 til fullnustu á kröfum stefndu.

Stefnda krefst þess að vara- og þrautavarakröfu áfrýjanda verði vísað frá Hæstarétti, en krefst að öðru leyti staðfestingar hins áfrýjaða dóms svo og staðfestingar fjárnámsgerðarinnar 22. maí 1987.

Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi féll þingsókn niður í héraði af hálfu áfrýjanda er fram átti að fara munnlegur málflutningur um frávísunarkröfu hennar.

Stefnda mótmælir því að nýjar kröfur og málsástæður áfrýjanda fái komist að fyrir Hæstarétti. Visar hún um það til 45. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjandi hefur ekki fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973. Verður dómur lagður á málið eins og það lá fyrir héraðsdómara.

Áfrýjunarfrestur var liðinn er áfrýjandi fékk útgefna stefnu til áfrýjunar fjárnámsgerðarinnar sem fram fór 22. maí 1987 og var ekki aflað áfrýjunarleyfis, sbr. 20. gr. laga nr. 75/1973, sbr. 53. gr. laga nr. 19/1887 um aðför. Ber því að vísa frá Hæstarétti kröfu áfrýjanda er að fjárnámsgerðinni lýtur.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdómara um framkomna frávísunarkröfu.

Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir því að mál þetta er risið af því að stefnda telur leynda galla hafa verið á vél bifreiðar þeirrar, sem hún keypti af áfrýjanda samkvæmt afsali 7. mars 1986.

Lögmaður stefndu ritaði áfrýjanda bréf 25. mars 1986 og krafðist greiðslu á kostnaði við viðgerð á vél bifreiðarinnar, samtals 49.860,00 krónur, ásamt innheimtulaunum að fjárhæð 7.533,70 krónur. Í svarbréfi lögmanns áfrýjanda 8. apríl 1986 var því mótmælt að áfrýjandi bæri ábyrgð á meintum galla en boðið var til samkomulags, án viðurkenningar á bótaskyldu, að veita 5.000,00 króna „afslátt og/eða bætur“ af söluverði bifreiðarinnar ef það gæti orðið til að leysa ágreininginn.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi fékk stefnda dómkvadda matsmenn til að skoða vél bifreiðarinnar, segja til um ætlaða galla á henni, hvort gallar þeir sem fram kynnu að koma væru verulegir, hvort þeir teldust leyndir, hvernig úr þeim yrði bætt og meta kostnað við það. Þá voru matsmenn einnig beðnir um að meta verðmæti

bifreiðarinnar í því ástandi sem hún var svo og hæfilegar bætur fyrir afnotamissi.

Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, Finnboga Eyjólfssonar og Bents Jørgensen bifvélaþvirkjameistara, frá 10. júní 1986, segir svo:

„1) Þjöppun vélarinnar reyndist við mælingu vera í hámarki á öllum stökkum að undanskildum stökk nr. 1, sem þó er vel innan viðunandi marka. Höfuðlegur og sambandsstangalegur eru með óeðlilega miklar slitskemmdir miðað við vegmæli bifreiðarinnar, sem sýnir 55923 km og hefur það orsakað þann torkennilega hávaða í vélinni, sem áður er getið.

Skemmdir þessar eru komnar á það stig, að hætta er á úrbræðslu leganna, séu þær notaðar áfram.

Engar skemmdir hafa hinsvegar enn orðið á sveifarási, og við mælingu reyndist hann vel nothæfur án viðgerðar.

Að öðru leyti telja matsmenn vélina vera í eðlilegu ásigkomulagi með tilliti til aldurs og notkunar bílsins.

2) Kostnaður við að lagfæra áður nefnda ágalla telja matsmenn að sé sem hér segir:

Efni:	legusett	kr.	1.905,00
	pakkningar	kr.	465,00
	olía o.fl.	kr.	850,00
	Efni alls	kr.	3.221,00
	Vinna: 16 klst. á kr. 540,- pr. klst.	kr.	8.540,00
	Trygging í tvo daga kr. 120,- pr. dag	kr.	240,00
	Viðgerðarkostnaður alls	kr.	12.001,00

3) Matsmenn telja að verðmæti bifreiðarinnar á frjálsum markaði og miðað við staðgreiðslu sé kr. 30.000,00 og að söluverð hennar þann 7. mars sl., einnig miðað við staðgreiðslu, hafi verið eðlilegt, sé gert ráð fyrir að slitskemmdir á vélinni hafi ekki verið komnar á það stig, sem lýst er í lið 1) hér að framan.

4) Matsmenn hafa engin gögn í höndum, sem sýna hvert fjárhagslegt tjón eiganda bifreiðarinnar er vegna afnotamissis og álykta því ekki um það atriði, en vísa hinsvegar á vinnureglur tryggingafélaganna um bætur vegna afnotamissis af bifreiðum.

5) Úrbætur á fyrirnefndum ágalla eru fölgnaðar í því að setja nýjar höfuðlegur og sambandsstangalegur í vélina.

6) Matsmenn telja nefndan ágalla ekki mjög stórvægilegan, en á hinn bóginn hefði hann tvímælalaust mjög fljótlega leitt til stórskemmda á vélinni hefði hún verið notuð áfram í óbreyttu ástandi.

Eins og vélin kom matsmönnnum fyrir augu og eyru áður en hún var tekin í sundur, hefði maður, sem ekki er sérstaklega vanur meðferð véla, ekki þurft að gera sér grein fyrir ástandi hennar við reynsluakstur og/eða skoðun.

Lögmaður stefndu ritaði lögmanni áfrýjanda bréf 18. júní 1986. Vísaði hann til matsgerðarinnar og krafðist þess að áfrýjandi greiddi viðgerðarkostnað þann sem metinn var, 12.001,00 krónu, auk kostnaðar við dómkvaðningu og mat, svo og innheimtulaun, alls 33.502,60 krónur.

Í svarbréfi lögmanns áfrýjanda 20. júní 1986 bauð hann greiðslu á 5.000,00 krónum á sömu forsendum og fram komu í bréfi hans frá 8. apríl 1986. Höfðaði stefnda svo mál þetta.

Svo sem að framan er rakið hafði áfrýjandi hafnað greiðsluskyldu sinni þótt hún byði fram greiðslu umfram skyldu. Er því varhugað að líta svo á, sbr. 113. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, að áfrýjandi hafi fallist á kröfur stefndu. Þykir verða að leggja dóm á málið með tilliti til þess að áfrýjandi hefur frá upphafi mótmælt greiðsluskyldu sinni.

Með matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna telst sannað að bifreið sú sem áfrýjandi seldi stefndu hafi verið haldin leyndum galla er kaupin gerðust. Ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um skyldu áfrýjanda til að greiða kostnað við viðgerð á vél bifreiðarinnar, 12.001,00 krónu. Fram kemur í matsgerð matsmannanna að viðgerðin taki tvo daga. Verður áfrýjandi dæmd til að greiða stefndu 1.400,00 krónur í bætur fyrir afnotamissi þann tíma.

Samkvæmt þessu verður áfrýjandi dæmd til að greiða stefndu 13.401,00 krónu með vöxtum eins og í dómsorði segir, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 55.000,00 krónur, þar með talinn matskostnaður.

D ó m s o r ð:

Kröfu áfrýjanda um að felld verði úr gildi fjárnámgerð sú er fram fór 22. maí 1987 er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Hildur Halldóra Karlsdóttir, greiði stefndu, Ernu Kristínu Siggeirsdóttur, 13.401,00 krónu með 9% ársvöxtum frá 1. október 1986 til 22. s.m., 15,75% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1986, 16,25% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1987, 18,25% ársvöxtum frá þeim degi til 11. febrúar s.á., 20% ársvöxtum frá þeim degi til 11. mars s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 23% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987 og síðan með dráttarvöxtum eftir 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 15. gr. sömu laga, til greiðsludags, þó eigi hærri en 27% ársvexti.

Áfrýjandi greiði stefndu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 55.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. mars 1987.

Mál þetta, sem var dómtekið 17. þ.m., hefur Erna Kristín Siggeirsdóttir, Sólheimum 23, Reykjavík (nnr. 2233-1612), höfðað fyrir dóminum með stefnu birtri 22. október 1986 gegn Hildi Halldóru Karlsdóttur, Drafnarstigi 2, Reykjavík (nnr. 4104-0238), til greiðslu skaðabóta vegna galla í bílakaupum að fjárhæð kr. 56.874,00 með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 1. ágúst 1986 til greiðsludags og málskostnaði skv. gjaldskrá LMFÍ.

Þann 7. mars 1986 keypti stefnandi af stefndu fólksbifreiðina R-69923, Autobinanci, árgerð 1980. Eftir kaupin telur stefnandi hafa komið í ljós að bifreiðin var haldin leyndum galla sem ekki hafi verið hægt að gera sér grein fyrir við skoðun.

Samkvæmt matsgerð dómkvaddra matsmanna dags. 10. júní 1986 voru óeðlilegar slitskemmdir í höfuðlegum og sambandsstangalegum aflvélar bifreiðarinnar og telja matsmennirnir kostnað við að lagfæra gallana hæfilega metinn kr. 12.001,00.

Bótakrafa stefnanda sundurliðast þannig:

1. Bætur skv. mati	kr.	12.001,00
2. Matskostnaður	“	23.873,00
3. Afnotamissir	“	21.000,00
Samtals	kr.	56.874,00

Af stefndu hálfu hefur verið sótt þing og krafist frávísunar vegna skorts á tilgreiningu lagaraka í stefnu. Engar efnisvarnir hafa komið fram. Eftir að leitað hafði verið sátta var málinu frestað til flutnings um frávísunarkröfu til 17. þ.m., en þá var ekki sótt þing af hálfu stefndu. Verður þá, skv. 118. gr. laga nr. 85/1936, að dæma málið eftir fram komnum kröfum og skilríkjum og með tilliti til þess sem komið hefur fram af hálfu varnaraðila.

Ekki þykja rök til að vísa máli þessu frá dómi sjálfkrafa þótt sóknargögn séu ekki með öllu óaðfinnanleg. Ef varnaraðili hugðist taka til efnisvarna bar honum, skv. grunnreglu 4. mgr. 110. gr. laga nr. 85/1936, að hafa þær uppi þegar í greinargerð sinni, og þar sem engin andmæli hafa komið fram af hennar hendi þykir bera að taka kröfur stefnanda til greina.

Það athugast að samkvæmt vênju hefði mátt reikna matskostnað með málskostnaði, en þar sem þetta atriði er athugasemdalaust af hálfu stefndu verður fallist á kröfur stefnanda varðandi þetta atriði sem önnur.

Vaxtakrafa er í samræmi við ákvarðanir Seðlabanka Íslands um dráttarvexti í skuldaskiptum innan og utan innlánsstofnana, og þar sem engar athugasemdir hafa verið gerðar við vaxtafót af hálfu stefndu verður ekki tekið sérstaklega á því hvort ákvarðanir Seðlabankans nái til skipta aðila.

Að þessu athuguðu, og þar sem fullt samræmi þykir verá milli kröfugerðar stefnanda og sakargagna að öðru leyti, þykir bera að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 25.000,00.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefnda Hildur Halldóra Karlsdóttir greiði stefnanda Ernu Kristínu Siggeirsdóttur kr. 56.874,00 með 2,25% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. október 1986 til greiðsludags og kr. 25.000,00 í málskostnað.

Fjárnámserð fögetaréttar Reykjavíkur 22. maí 1987.

Ár 1987, föstudaginn 22. maí er fögetaréttur Reykjavíkur settur að Drafnarstíg 2 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfögeta Viggó Tryggvasyni með undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið málið A-3816/1987: Erna Kristín Siggeirsdóttir gegn Hildi Halldóru Karlsdóttur 4104-0238.

Fögeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm bæjarþings Rvíkur nr. 22074/1986. Nr. 1 fylgir í ljósriti. Nr. 2 fylgir í frumriti svoljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Logi Egilss. v/Ævars Guðmundssonar hdl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 56.874,00 með 2,25% mánaðarv. frá 1.10. 1986 til greiðsludags, i endurrits- og birtingarkostnað kr. 635,00, kr. 25.000,00 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 1.360,00 fyrir gerðarbeiðni, auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér en er ekki viðstaddur en fyrir hann mætir Þorsteinn Hjálmarsson. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda gerir fógeti fjárnám í eign/eignarhluta gerðarþola í 1. hæð í austurenda í húseigninni nr. 2 við Drafnarstig. Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar og brýnir fyrir mættum að skýra gerðarþola frá gerðinni. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Fimmtudaginn 17. nóvember 1988.

Nr. 244/1988. **Sigurbjörn Eiríksson**

(Ingi Ingimundarson hrl.)

gegn

Ólafi Jónssyni

og gagnsök

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Samningar. Gildi löggæringa. Málamyndagæringur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Hrafn Bragason og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. ágúst, 1987. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara að hann